

6 ráð til að tala við fullorðið fólk sem stamar

Stam gæti litið út fyrir að vera auðvelt vandamál sem hægt er að leysa með auðveldum ráðleggingum, en fyrir marga fullorðna getur þetta verið krónísk, ævilöng fötlun. Hér eru nokkrar leiðir þar sem þú, hlustandinn gætir aðstoðað.

1. Ekki koma með athugasemdir eins og “hægðu á þér”, “andaðu inn”, eða “slakaðu á”. Slíkar einfaldaðar ráðleggingar gætu virkað sem niðurlægjandi og eru ekki gagnlegar.
2. Gefðu til kynna gagnvart persónunni að þú sért að hlusta á það sem hann eða hún er að segja, ekki hvernig viðkomandi er að segja það
3. Haldið eðlilegum augnsambandi og biðið þolinmóð á eðlilegan hátt þar til viðkomandi hefur lokið máli sínu.
4. Þú freistast kannski til að klára setningar eða bæta við orðum. Reyndu að gera það ekki. Reyndu að nota nokkurn veginn afslappaðann talanda sjálfur. Þetta ýtir undir betri samskipti.
5. Hafið í huga að þeir sem stama eiga venjulega í meiri erfiðleikum með að stjórna rödd sinni í símanum. Verið þolinmóð við slíkar aðstæður. Ef þú tekur upp símann og heyrir ekki neitt skaltu reyna að vera viss um að það sé ekki manneskja sem stamar sem er að reyna að hefja samræður áður en þú leggur tólið á.
6. Talaðu rólega, en ekki svo hægt að það hljómi óeðlilega. Þetta ýtir undir góð samskipti við alla



A Nonprofit Organization
Since 1947—Helping Those Who Stutter

1-800-992-9392

www.stutteringhelp.org
www.tartamudez.org